



Forspil

Hafið lokkar og laðar
Stutton

Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín faðir gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammt af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föður náð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Lína Sandell-Berg / Sigurbjörn Einarsson

Ritningarlestur

Smávinir fagrir

Jón Nordal / Jónas Hallgrímsson



Ritningarlestur

Einhvern tímann, ef til vill
og óralangt frá þessum stað
mun ástin hörfa heim til þín
og hjartans dyrum knýja að.

Og einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Þá er rétt að rifja upp — orðin mín.
Þau eru stírið. Þau eru fá.
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
Þau munu engu að síður alltaf biða þín.

Því hvað er ást og hvað er svar?
Og hvernig geymist allt sem var?
Mundu að hvar sem hjartað slær
hamingjan er oftast nær.

Einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Þá er rétt að rifja upp — orðin mín
Þau eru stírið. Þau eru fá.
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
Þau munu engu að síður alltaf biða þín.

Bragi Valdimar Skúlason

Guðspjall

Einsöngur

Umvafin englum

Sarah McLachlan / Valgeir Skagfjörð

Minningarorð

Einsöngur

Ég fer í nótt
erlent lag / Ómar Ragnarsson

Bæn



Einsöngur

Ég veit þú kemur

Oddgeir Kristjánsson / Ási í Bæ

Faðir vor

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert breyta.
Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

P. C. Krossing
Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

P. C. Krossing
Matthías Jochumsson

Blessun

Eftirspil

Kom, vornótt, og syng
Frederic Chopin / Jón frá Ljárskógum





Séra Karl Valgarður Matthíasson jarðsyngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Einsöngur: Alda Dís Arnardóttir og Marteinn Snævarr Sigurðsson
Kór: Sönghópurinn Cantoque ensemble
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*

Jarðsett verður í Akraneskirkjugarði



Örn Hjörleifsson

Fæddur 11. september 1939

Dáinn 16. maí 2026



Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 29. maí 2026